

Þjónustukönnun VMA 2016 - vorönn

Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir á lits um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu í ákveðnum áföngum. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólanum. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnunin var lögð fram á vorönn 2016 og fór fram í gegnum vefinn. Allir nemendur í dagskóla (999) fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. 243 svöruðu könnuninni eða um 24% svörun.

1 Þegar á heildina litið er ég ánægð(ur) í skólanum.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	32,6%	79
Frekar sammála	49,2%	119
Frekar ósammála	10,3%	25
Mjög ósammála	4,1%	10
Veit ekki/ á ekki við	3,7%	9
Fjöldi svara		242
Sleppt að svara		1

2 Í skólanum líður mér vel.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Næstum alltaf	36,4%	88
Oftast	46,3%	112
Sjaldan	9,9%	24
Næstum aldrei	5,0%	12
Veit ekki/ á ekki við	2,5%	6
Fjöldi svara		242
Sleppt að svara		1

3 Ég finn fyrir kvíða í skólanum.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Næstum alltaf	9,2%	22
Oftast	17,5%	42
Sjaldan	34,2%	82
Næstum aldrei	34,6%	83
Veit ekki/ á ekki við	4,6%	11
Fjöldi svara		240
Sleppt að svara		3

4 Það skiptir mig máli að standa mig vel í náminu.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	63,3%	152
Frekar sammála	28,3%	68
Frekar ósammála	5,4%	13
Mjög ósammála	0,8%	2
Veit ekki/ á ekki við	2,1%	5
Fjöldi svara		240
Sleppt að svara		3

5 Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	38,6%	93
Frekar sammála	48,5%	117
Frekar ósammála	4,1%	10
Mjög ósammála	2,5%	6
Veit ekki/ á ekki við	6,2%	15
Fjöldi svara		241
Sleppt að svara		2

6 Ég fæ almennt hvatningu frá starfsfólki skólans til að standa mig vel í náminu.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	25,3%	61
Frekar sammála	45,6%	110
Frekar ósammála	15,4%	37
Mjög ósammála	7,1%	17
Veit ekki/ á ekki við	6,6%	16
Fjöldi svara		241
Sleppt að svara		2

7 Góður náms- og starfsandi er almennt ríkjandi innan VMA.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	20,0%	48
Frekar sammála	53,8%	129
Frekar ósammála	10,8%	26
Mjög ósammála	5,0%	12
Veit ekki/ á ekki við	10,4%	25
Fjöldi svara		240
Sleppt að svara		3

8 Ég hef hugsað um að hætta í skólanum á þessari önn.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Nei, hef ekki hugsað um það	60,6%	146
Hef velt því fyrir mér	26,6%	64
Já, hugsa mjög oft um það	12,9%	31
Fjöldi svara		241
Sleppt að svara		2

9	Skýringar- hættu í skóla	
	Annað	3
	Fara að vinna	1
	Námsárangur	4
	Námsleiði	5
	Vanlíðan eða veikindi	12

10	Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu bókasafns VMA?		
	Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
	Mjög ánægð(ur)	56,9%	132
	Frekar ánægð(ur)	20,7%	48
	Frekar óánægð(ur)	1,3%	3
	Mjög óánægð(ur)	0,0%	0
	Nýti mér aldrei þjónustu bókasafnsins	21,1%	49
	Fjöldi svara		232
	Sleppt að svara		11

11	Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu skrifstofu VMA?		
	Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
	Mjög ánægð(ur)	38,3%	88
	Frekar ánægð(ur)	43,0%	99
	Frekar óánægð(ur)	7,4%	17
	Mjög óánægð(ur)	1,3%	3
	Nýti mér aldrei þjónustu skrifstofunnar	10,0%	23
	Fjöldi svara		230
	Sleppt að svara		13

12	Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu mötuneytis Lostætis í VMA?		
	Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
	Mjög ánægð(ur)	17,2%	40
	Frekar ánægð(ur)	37,5%	87
	Frekar óánægð(ur)	15,1%	35
	Mjög óánægð(ur)	14,2%	33
	Nýti mér aldrei þjónustu mötuneytisins	15,9%	37
	Fjöldi svara		232
	Sleppt að svara		11

13

Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu Heimavistar VMA og MA

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög ánægð(ur)	9,5%	22
Frekar ánægð(ur)	12,1%	28
Frekar óánægð(ur)	1,3%	3
Mjög óánægð(ur)	0,9%	2
Er ekki á heimavist VMA og MA	76,2%	176
Fjöldi svara		231
Sleppt að svara		12

14

Ég get fengið persónulega aðstoð (t.d. vegna veikinda, námsval...) frá aðilum innan skólans ef ég þarf á því að halda.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	32,2%	73
Frekar sammála	37,4%	85
Frekar ósammála	7,0%	16
Mjög ósammála	4,0%	9
Veit ekki/ á ekki við	19,4%	44
Fjöldi svara		227
Sleppt að svara		16

15

Ég veit til hverra ég á að leita með erindi er varða nám mitt t.d. í tengslum við réttindi og skyldur, námsval og námsframvindu.

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	36,1%	82
Frekar sammála	44,5%	101
Frekar ósammála	8,8%	20
Mjög ósammála	4,0%	9
Veit ekki/ á ekki við	6,6%	15
Fjöldi svara		227
Sleppt að svara		16

16 **Ég hef fengið upplýsingar og/eða aðstoð frá eftirfarandi aðilum í tengslum við námsval mitt (mátt merkja við fleiri en einn möguleika):**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Sviðsstjóra	29,5%	67
Umsjónarkennara	40,1%	91
Brautarstjóra	43,2%	98
Áfangastjóra	24,2%	55
Námsráðgjafa	41,4%	94
Kennara	34,4%	78
Notað upplýsingar af heimasíðu skólans	34,8%	79
Hef ekki þurft aðstoð við námsvalið mitt	8,4%	19
Fjöldi svara		227
Sleppt að svara		16

17 **Hvernig finnst þér best að fá almennar upplýsingar/fréttir um VMA? (má merkja við fleiri en einn möguleika)**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Á heimasíðu VMA	60,2%	136
Í gegnum Facebook-síðu VMA	18,1%	41
Með tölvupósti á VMA-netfangið mitt	57,1%	129
Með tölvupósti á einkanetfang	35,0%	79
Á pappírformi	6,2%	14
Á Moodle-vef VMA	13,3%	30
Fjöldi svara		226
Sleppt að svara		17

18 **Ég tel að nemendur hafi áhrif á þær ákvarðanir sem snúa að nemendum, almennt**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	15,9%	36
Frekar sammála	42,3%	96
Frekar ósammála	10,6%	24
Mjög ósammála	4,0%	9
Veit ekki/ á ekki við	27,3%	62
Fjöldi svara		227
Sleppt að svara		16

19

Hvernig telur þú að nemendur geti komið betur að ákvarðanatöku innan skólans?

26 svara: Veit ekki

Að taka almennan þátt í skólastarfi

Ég held að það séu kosningar um hverjir komast í nemendastjórnina þannig allt er í góðu lagi held ég. Ég skipti mér ekki að þessu.

ég held að þeir eigi ekki að þurfa að koma að ákvarðanatöku innan skólans

Ég tel að það eigi að halda nafnlausar kosningar þar sem að krakkar annaðhvort greiða atkvæði, þar sem þau eru með eða á móti. En þeir sem að greiða ekki atkvæði hafa ekkert um hlutinn að segja.

Fá meira aðgengi að ákvarðanatöku

Fleiri kannanir

Gert kröfu um betri kynningu á frambjóðendum til nemendaráðs, núverandi nemendaráð ... stendur ekki við orð sín.

gert könnun og skoðað eftir því hvað þeir vilja, þeir sem hafa áhuga jafnvel fengið að taka þátt með starfsfólki skólans á fundum og öðru slíku

í gegn um umsjónakennara

Í gegnum nemendafélag og reglulega gera kannanir hjá nemendum

Í raun ef allt sem tengist nemendum beint yrði rætt á opnum fundum í gryfjunni eða ef einstakling varðar að hann verði boðaður á fund.

Kosning á málefnum sem skipta nemendum máli

Kosning um málefni sem snúa að nemendum fyrst og fremst

Leyfa okkur að velja matinn, Þótt að ég sé ekki í mat er ég mjög mikið á móti sælgætis sölu Lostætis innan skólans og finst mér það vera til skammar að ÞÍÐ leifið það...

Lýðræði

Með könnunum um þau mál og almennri umræðu innan skólans.

Með því að ganga í málin og berjast fyrir sínu. Of óalgengt að menn fari og láti heyra í sér þegar þeir eru í uppnámi og óánægðir með starf innan skólans.

með því að halda skólaþing opið nemendum og að það sé haldið á skólatíma svona einu sinni í mánuði til tvisvar

Með því að kjósa eða ræða saman

Nemendur ættu að nýta sér betur þá möguleika sem þeir hafa í gegn um hagsmunaráð.

taka þátt

Við þurfum hærri rödd

Það er t.d. hægt að kynna brautir betur, hvað nákvæmlega er gert, er það skemmtilegt, hafa meira eitthvað í sambandi við brautirnar að gera. Hafa t.d. keppnir ..

Þeir þurfa þess ekki.

20 **Einelti eða neikvæð stríðni er hluti af samskiptum nemenda skólans.**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	2,7%	6
Frekar sammála	8,5%	19
Frekar ósammála	23,8%	53
Mjög ósammála	34,5%	77
Veit ekki/ á ekki við	30,5%	68
Fjöldi svara		223
Sleppt að svara		20

21 **Kynferðisleg áreitni eða klúr umræða er hluti af samskiptum nemenda skólans.**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Mjög sammála	2,7%	6
Frekar sammála	6,2%	14
Frekar ósammála	25,8%	58
Mjög ósammála	32,4%	73
Veit ekki/ á ekki við	32,9%	74
Fjöldi svara		225
Sleppt að svara		18

22 **Hefur þú orðið var/vör við einelti á meðal nemenda á þessari önn?**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Já, ég veit til þess	7,6%	17
nei, ég veit ekki til þess	92,4%	207
Fjöldi svara		224
Sleppt að svara		19

23 **Hvers konar einelti hefur þú orðið var við?**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Einelti á milli nemenda	88,2%	15
Einelti af hendi kennara/starfsmanna gagnvart nemanda	11,8%	2
Fjöldi svara		17
Sleppt að svara		226

24 **Hefur þú orðið fyrir einelti í VMA á þessari önn eða á síðasta skólaári?**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Já, ég hef orðið fyrir einelti í VMA á s.l. 12 mánuðum	29,4%	5
Nei, ég hef ekki orðið fyrir einelti í VMA á s.l. 12 mánuðum	70,6%	12
Fjöldi svara		17
Sleppt að svara		226

25 Hversu oft hefur þú orðið fyrir einelti í VMA á síðustu 12 mánuðum?

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Sjaldnar en mánaðarlega	40,0%	2
1-3 í mánuði	20,0%	1
3-4 sinnum í viku	20,0%	1
Nær alltaf þegar ég er í skólanum	20,0%	1
Fjöldi svara		5
Sleppt að svara		238

26 Hefur þú leitað til einhvers vegna eineltisins?

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Já, hef rætt það við aðila utan skólans t.d. vini og/eða fjölskyldu	20,0%	1
Já, ég hef rætt það við aðila innan skólans	20,0%	1
Nei, ég hef ekki rætt það við neinn	60,0%	3
Fjöldi svara		5
Sleppt að svara		238

27 Hvað finnst jákvæðast - eða hverjir eru helstu styrkleikar VMA?

11 svara: Fjölbreytileiki

Allir mjög hjálplegir, og hjálpa til við að styðja þá sem glíma við andleg veikindi

Allir tímar sem tengjast ekki brunakerfum eða öðru raðvirkjunarnámi

Auðvelt að hafa samskipti við stjórnendur skólans.

Áfangakerfi en ekki bekkja

Áfangakerfið, mikið frelsi innan skólans.

Bókasafnið

Brautirnar

brautirnar eru góðar

ég get bætt við áföngum í stundatöfluna mína ef ég vil.

Fjölbreytni og sanngirni

Fjölbreytilegt nám

Fjölbreytileiki nemenda og námsleiða og góð stjórnun.

Fjölbreytileiki og ekki dæmandi skóli.

Fjölbreytileiki og frelsi nemenda

fjölbreytileiki þú getur verið þú sjálf/ur

Fjölbreytni en sveigjanleiki. Hver og einn getur farið sína námsleið á sínum hraða og á sinn hátt. Kennararnir eru yndislegir. Z húsvörður er líka yndislegur. Bókasafnskonurnar eru bestar og konurnar á skrifstofunni eru líka æði.

Fjölbreytni fólks er tekin vel

Fjölbreytni námsleiða og valmöguleikinn á að velja áfanga utan þinnar námsleiða.

Fjölbreytni og samþykkt. Kennarar yfirleitt jákvæðir og Alltaf til að hjálpa.

Fjölbreytni skólans. Bæði hvað varðar námsval og aldursbreidd. Því miður er það líka veikleiki hans á þann hátt að brautirnar tengjast ekki nægilega mikið saman.

Fjölbreytni, auðvelt að nálgast aðstoð frá kennurum sem tengja mann við aðra sem geta aðstoðað betur.

Fjölbreytni, fjölmennur, þægilegt bókasafn, gott og skemmtilegt starfsfólk, góð aðstoð varðandi námsval.

Fjölbreytnileikinn í bæði námi og fólki

Fjölbreytnin og svigrúmið

Fjölbreytnin og það að nemendur geta hagað náminu eins og þeim hentar

fjölbreytt nám og frábærir starfsmenn

Fjölbreytt úrval af áföngum

fjölbreytnin og það að maður megi vera eins og maður vill og maður þarf ekki að taka þátt í félagslífinu frekar en maður vill það

Flest starfsfólk er virkt í að hjálpa nemendum og aðstoða þá í námi.

flott vélstjórnar aðstaða

Frelsi til að stjórna náminu

Frelsi til að velja hvaða áfanga sem er.

Frelsið, menn hafa kost á að stýra náminu sínu upp að vissum mörkum, henntar fólki í mismunandi aðstöðum.

frjálsleiki

godur skoli

Gott félagslíf samhliða góðu skólastarfi

gott nám, skemmtilegar brautir og fjölbreyttar

Góðir kennarar , matur og fá upplýsingar.

Góðir kennarar, góður skóli og mikið úrval um það sem er hægt að læra

Góður andi og allir tilbúnir að aðstoða. Þér er frjálst að vera þú sjálfur.

góður skóli

Góður skóli, heimilislegt í gryfjunni, kennarar fínir

helstu styrkleikaar VMA er klárlega hvað starfsmenn halda vel utan um nemendur til að fá þá til að blómstra

Hvað allt er fjölbreytt

Hægt að taka námi á teim hrada sem teyr vilja

í flestum tilvikum, viðhorf kennara til nemenda (amk á listnámsbraut)

Í raun fjölbreytnin og hvernig hún gefur öllum nemendum skólans möguleika á því að vera öðruvísi en aðrir

jákvæðni starfsfólks, góður andi í skólanum, gott að vera þar, vel tekið á móti þér

kennarar Vélstjórnardeildar eru ávalt tilbúnir að aðstoða nemendur ef til þess kemur. innan sem utan kennslustundar.

Kennararnir

Kennararnir framúrskarandi!

Kennararnir gera allt miklu betra, sérstaklega þeir sem kynnast nemendum sínum, og gera allt til að hjálpa þeim í gegnum áfangana, gefa smá sýna í prófum

kennararnir og sveigjanleiki þeirra

Léttur skoli

Maður getur verið maður sjálfur :)

Mér finnst jákvætt hvað margir áfangar eru símatsáfangar, því svo oft sem lokaprófin eyðileggja fyrir manni.

mér finnst mjög jákvætt að það sé kennt í svo kölluðu lotunámi ef það væri ekki þá gæti ég ekki verið í skólanum

Mikið símat

Mikil fjölbreytni og mjög mikið þannig að þú ræður þínu námi

Mikil sveigjanleiki, yndislegt starfsfólk og mikil skilningur meðal kennara og starfsfólks hvað varðar sjúkdóma og annað sem heftar skólagöngu einstaklings. Starfsfólks skólans er tilbúið til að gera allt fyrir þig og koma til móts við þig svo lengi sem þú sýnir metnað og löngun til að bæta sig.

mjög fjölbreyttir áfangar, gott andrúmsloft og auðvelt að fá hjálp

Mjög margir kennarar og starfsfólk eins og sviðsstjóri og námsráðgjafar sem maður kemst í smá persónulegt samband við eru mjög góðir og fínt fólk. Og hugsa svolítið um hag nemanda en það eru ekki allir kennarar svoleiðis...

Námið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Námsráðgjafi

nemendaráðið

Sjálfstæðið og þroskinn.

Skemmtilegir kennarar, góð þjónusta

Skólinn hefur margt upp á að bjóða, flestir geta fundið sér eitthvað. Margt gott fólk starfar í skólanum og mér finnst mögu af starfsfólki skólans skipta miklu máli hvernig mér gengur í náminu og að ég nái öllum fögum.

smaskipti nemenda og kennara

Val um hvað ég læri.

Verklegar brautir

Verklegar greinar

Verknám

Verknám

Vélstjórnar kennarnarnir

vinir mínir

VMA er alltaf tilbúið til að hjálpa þeim sem þarf á hjálp að halda og er tilbúið að gera hvað sem er fyrir þá

Vma er mjög góður skóli og maður liður vel í honum

Það er allt svo opið einhvernveginn, maður veit alltaf til hvers á að leita og létt að tala við flesta starfsmenn.

Það hafa allir möguleika að stunda nám í skólanum góð þjónusta og námsmöguleikar.

Það sem mér finnst jákvætt við VMA það er starfsfólkið, því að það er oftast tilbúið til að hjálpa manni. Einnig er félagslífið mjög mikill styrkleiki, en það mætti vera meira.

Þarf sterkari skipulagningu setta fram fyrir nemendur

Þjónustan er mjög góð. Flestir kennarar í skólanum gera allt til þess að nemendum gangi vel, t.d. með aukaverkefnum á moodle.

Þjónustan og stuðningur við nemendur

Þú eignast marga vini á mismunandi aldri því þetta er ekki bekkjar kerfi.

Þægilegt að læra þar, þú ræður miklu sjálfur

28 Hvað finnst þér að megi bæta í VMA?

8 svara: Bæta Félagslíf

Að bæta við kennslu þegar kennarar eru veikir

Að kennarar útskýri betur námsefnið

Að mætingar skylda eigi ekki við um nemendur sem eru 25 ára og eldri.

Að mótuneytið er alltof dýrt fyrir minn smekk og mætti þa læka verðið þínu

Að styrkja hópa eða þá að mynda meiri félagsskap meðal nemanda

Að það væri ekki einokunarverlsun í skólanum

Aðallega bara senseo kaffivél á gangana eins og tíðkast í háskólanum þannig maður getur komið með sína eigin kaffipúða og könnu. Það er fljótt að safnast upp í dágóða upphæð kaffineyslan þegar maður gengur fyrir kaffi :)

Aðstoð nemenda í örðugleikum í námi, ekki gefast upp á þeim eða fordæma þá ef þeim gengur illa, koma þeim til þeirra sem gætu hjálpað þeim.

Aðstoð þegar nemandi er kominn í þrot vegna andlegrar vanlíðunar og hefur tilkynnt það en samt hlusta kennarar ekki á það og vilja ekki samþykkja andleg veikiindi og aðstoða ekki

Auðvelda námsval og lægra verð í mötuneytinu.

auka aðgengi nemenda sem hafa þetta stundastöflu að námsráðgjöfum og fleira. Viðtalstímar skerast oft inn í stundatöflu ef maður er í mörgum tímum.

Á sumum stöðum í skólanum mætti vera betri nettenging.

Bara hafa það 100% að þið kennið allan þjónnin

betri kennarar

betri nettenging

Þjóða vegan samlokur í mötune

Breyta nöfnunum á áföngum aftur þannig þeir eru skiljanlegri stæ- og svo númerið x03 en ekki langa runnu. Mjög erfitt að tala um í hvaða áfanga maður er í við vini sína. Ég veit að nöfnin eru svona útaf nýja kerfinu en það væri hægt að breyta því þannig að það sé skiljanlegra hvort þú ert í fyrsta íslensku áfanganum eða öðrum.

Ekkert. Hætta að hafa áhyggjur af félagslífi skóla sem snýst ekki um félagslíf.

Endurskoða kennslu sumra kennara. Lækka kostnaðinn af matvörunum í mötuneytinu!

Er ekki viss, en hugsanlega tölvunet skólans sem er afar hægt.

Ég er mjög óánægð með mötuneytið, ég held að allir sem versla þar finnst þetta allt of dýrt. Það hlítur að vera að það sé hægt að fá einhvern annan sem hugsar frekar um hagsmuni nemenda og selji ekki allt með hryllilegri álagningu. Þetta þarf að laga. Ef VMA á að vera heilsueflandi skóli þá er allt í lagi að þjóða hnetur og ávexti og sér í lagi vínber á mannsæmandi verði. Takk fyrir.

Fá meira góðgæti í mötuneytið

Félagslífið en ég hef ekki hugmynd hvernig.

Félagslífið og kennslu hjá sumum kennurum

Félagslífið og stemningin í að vera í vma

Finnst félagslífið geta verið betra, t.d fleiri viðburðir og svoleiðis.

fjölga mætti símats áföngum, lokapróf ættu vel við ef árið væri 1902.

Forritunar áfanga.

Frekari skýringar hvi brautir verða ekki eða hvi maður kemst inn

gryfjuna

Gæti verið meira félagslíf

Hafa bjartara í skólanum og við í minnsta lagi vitum hver skólameistrainn er

hafa færri kynningarverkefni fyrir nemendur

Hafa mötuneytið ekki svona dýrt.

hætta að samþykkja dópista og áfengis byttur í skólan

Hætta í samstarfi með lostæti. Þetta er bara alltof dýrt fyrir nemendurnar.

Kennara

Kennarar

Kennsluaðferðir

Laga tölvurnar og netið í skólanum og bæta fjarnámið.

Lækka kostnað í mötuneyti

Lækka verð á matvælum í mötuneytinu, nýja stóla í flestar kennslustofur

lækka verð í mötuneyti

lækka verð í kaffiteríunni

Lækka verðið a matnum í mötuneytinu!!!

lækka verðið matnum í mötuneytinu

Margt eins og hætta með lífsleikni og fá nýja aðila í umsjón Mötuneytis.

Matinn í mötuneytinu

MATINN, alltof dýr og bara almennt vondur.

Meira að gerast í félagslífinu.

meira af símats áföngum

Meira símat

Mer finnst að mötuneytið ætti ekki að vera svona dýrt! og félagslífið má bæta mikið!

Mér finns mötuneytið allt of dýrt og einhæft alltaf það sama í boði

Mér finnst að félagslífið ætti að vera meira. Koma með fleiri viðburði til þess að koma nemendum saman og skemmta sér aðeins.

Mér finnst að það megi bæta samskipti nemenda við skólaráð og kennara almennt vegna þess að það gæti bæði auðveldað upplýsingaflæði innan skólans og bætt samband þar á milli

Mér finnst að það megi bæta við einhverju í félagslífið. T.d. kór eða einhverju þess háttar.

Mér finnst að það mætti vera meira um að það námsefnið væri aðgengilegra á netinu (moodle) Annars er ég mjög sátt með skólann í heildina.

Mér finst að í hverri braut eigi að koma bekkjarkerfi eins og í MA. Þá myndast miklu betri sambönd á mill nemada.

Minni skylda til mætingar eftir 18 ára aldur

Minnka kostnað á mat í mötuneyti erum bara fátækir námsmenn

Mötuneytið

Mötuneytið

mötuneytið er alltof dýrt

mötuneytið það er allt of dýrt fólk.

mötuneytið, alltof dýrt fyrir fátæka námsmenn

Mötuneytið, alltof dýrt og ekkert spes matur s.s. samlokurnar og fleira hef ekki prófað heita matinn.

Mötuneytið: Maturinn er of dýr. T.d. kostaði 1 skamtur af kaffi 150 kr. fyrir 1 og hálfu ári síðan en nú 190 kr.

Mötuneytið! Það er sagt að VMA er heilsueflandi-skóli en ég sé það ekki, flest allt í mötuneytinu er óhollt og margt af því sem ætti að vera hollt er skemmt með því að bæta sykri í það. Einnig er starfsfólkið ekki vel til fara og það er minnir mig brot á einhverju ef fólk fer út af vinnustað í vinnugöllum og mér var sagt frá nemendum að þau sáu sumt af starfsfólkinu fara út að reykja í vinnufötunum sem er algjörlega fyrir neðan allar hellur!

Námsanda og gleði nemenda.

Netsamband, verð á mat í mötuneyti... Fátækir námsmenn sem væru til í að borða í skólanum. Endilega bæta við braut sem tengist list, ekki myndlist heldur leik-og tónlist.

Nettengingu í skólahúsum er ábótavant og einnig er notkun munntóbaks mjög algeng.

Ódýrari mat

Ódýrari mat í mötuneyti. Ekki fyrir fólk í námi að kaupa mat eða kaffi þarna. Allt of dýrt.

Ódýrir mat , skemmtilegri fögum

Ósköp lítið :)

Persónulega þætti mér betra að fá tölvupóst yfir það sem er um að vera í gryfjunni í hverri viku fyrir sig heldur en að það sé auglýst á auglýsingaskilritinu þar. Er lítið í gryfjunni einnig hef ég orðið fyrir því að skólastjóri tilkynni einhvern viðburð í gryfjunni á skólatíma en kennarinn tekur áhvörðun um að hleypa nemendum ekki út og halda áfram að kenna.

Sala á sælgæti ætti að vera bönnuð!!!!

Sálfræðing í alla Segulliðastýringartíma.

Skipulag

Skóla dagurinn er langur

starfsbraut mætti bæta sig á marga vegur

Starfsfólkið á skrifstofunni á það til að vera hálf kalt í framkomu við nemendur

stóla í kennslustofum

Stærðfræðikennslu. Kenna minna á töflu. Ekki reka úr tíma ef fara þarf á klósett.

Suma kennara sem kunna ekki mannleg samskipti

Sumir kennarar eru hreinlega svæfandi, „monotone vélmenni sem engir nennir að hlusta á“.

Fyrirlestrar í hverjum einasta tíma hjá sumum. Mötuneytið er með slæmt úrval af mat sem breytir litlu því maður fær aldrei nægan tíma á milli kennslustunda til að setjast niður og borða máltíð nema tími falli niður eða maður er heppinn og er í eyðu. Ég þarf oft að skrópa í tíma bara til að fara heim og fá mér að borða því mötuneytið er rándýrt miðað við gæðin á mat og Bónus er bara með einhverjar samlokur.

Tölvubúnaður til notkunar í námi þarfnas VERULERAR endurbætingar.

Tölvur sérstaklega 10 ára gamlar tölvur sem eru notaðar í str inná rafbrautinni það er ekki hægt að láta bjóða sér upp á svon þegar maður er að borga efnisgjöld

Tölvustofur og netsamband

Það má bæta það hvernig árangur er mældur ég tildæmis er að fá góðar einkunnir í verkefnum og ritgerðum en þegar kemur að lokaprófum þá er ég með svo svakalegann prófkvíða að ég lokast oft alveg.

Það mætti lækka verðið á mat í mötuneytinu, hafa fleiri tölvustofur

Það mætti lækka verðið hjá lostæti, óeðlilega dýrt! fer venjulega bara yfir í bónus...

Þátttaka nemenda í félagslífinu

Þjónusta mötunetisins. Fá ríkið til að niðurgreiða mat

29 Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri eða bæta við?

Af hverju skipta stærðfræði og Íslenska svona miklu máli, sérstaklega frá sjónarhorni einhvers sem langar í listnám. Stærðfræðin sem ég er að læra virðist algjörlega tilgangslaus og Íslenska er að deyja út sem tungumál. Og afhverju er ég að læra þetta í staðin fyrir það sem ég vil læra?

AIM FOR GOLD!!!!!!!!!!!!

Allt of hátt verðlag í mötuneytinu

Ákveðnir kennarar eru orðnir vanhæfir og of vanir gömlum hefðum. Þó það séu alls ekki margir þá eru þeir samt að hafa áhrif á framtíð ungs fólks.

Betri hjálp þegar við á og nemandi þarfnast þess og betri upplýsingar um hvar þá hjálp er að fá

Eigið góðan dag =)

einfalda umsókn á önn

Ekki velja rafvirkjun

Ég er á þriðja ári og allar annir hingað til hafa verið allt í lagi. Þessa önn hinsvegar finnst mér ég vera að læra tilgangslausa hluti í fögum eins og stærðfræði þar sem kennarinn getur ekki einu sinni gefið okkur ástæðu fyrir því að kunna hlutina sem hann er að kenna okkur. Fleygbogar? til hvers?! enginn hefur notað fleygboga í neinu starfi nema til að kenna fleygboga áfangann!

Ég er þreyttur

fá betri tölvur fyrir Str áfangan inná rafbraut

Finnst sumir kennarar ekki viðra lesblindu, kvíða, feimni og þunglyndi nóg

Góður skóli :-)

Í guðanna bænum skiptið út Lostæti.

lengja heimsóknartímann á heimavistinni úr 22:00 á virkum dögum til 23:30 og um helgar úr 21:00 til 24:00

Lækka verð í mötuneyti, sjaiði bara mötuneytið i MA, og hvað 10 skipta kort kostar þar

Mér finnst að það ætti að halda áfram í einingakerfinu. Ég tel að feiningarkerfið sé bara gert til þess að rugla okkur. Einnig hefði verið betra að gera þessar breytingar á nokkrum árum, til þess að nemendur sem lenda á milli kerfa geti klára námið á réttum tíma

Mjög gódir kennarar

Mætti hafa moodle persónulegra fyrir hvern

deadlines á prófum og verkefnum ættu að poppa upp

Mætti hafa fleiri simat afanga þeir eru snilld !:) t.d i tungumalum. Finnst faranlegt að það seu til svona grunnafangar i stæ en ekki t.d i ensku það eru margir lelegir i ensku eins og stæ þetta eru 2 mikilvæg fög

Mötuneytið er alltof alltof dýrt, nemendur vilja frekar sleppa því að borða í skólanum heldur en að kaupa sér eitthvað, sem sagt svelta sig frekar,

Mötuneyti skólans er allt of dýrt. 80-90% nemenda eru nokkuð fátækir in þurfa að næra sig og það er óþarfi að nemendur þurfa að borga nýra og lífur til að eiga efn á mati eða öðrum matvörum/drykkjarvörum sem Lostæti býður uppá. Þeir hafa hækkað verðið um nokkrar krónur eftir hverja önn sem ég hef verið í skólanum eða þar að segja síðustu 6 annir hefur maturinn hækkað um 5-10 krónur eftir hverja önn ! Það er ekki boðlegt fyrir fátæka námsmenn !

Mötuneytið er alltof dýrt, ég tími ekki að kaupa mér samloku þarna. Það eru margir sem eru ekki í vinnu með skóla og geta ekki einusinn keypt sér mat í skólanum vegna mikils kostnaðar, þú þarft að borga fyrir hnífapör og svo er líka sagt að þetta sé heilsueflandi skóli og þau hrúga sykri í t.d. boostin.

Mötuneytið, það kostar allt augun úr!!!

Passa þarf að nemendur missi ekki mikið úr einum áfanga

símats áfangar þurfa að vera fleiri !! jafnt í dagsskóla sem í fjarnámi!. Ekki boðlegt að vera með nemanda í 6-8 lokaprófum á jafnmörgum eða færri dögum. álagið er einfaldlega of mikið og að þetta skuli líðast er hreint út sagt fáránlegt.

Skólinn er að stefna í rétta átt. Höldum áfram að gera góða hluti!

Starfsfólk mötuneytis er frekar sóðalegt/subbulegt. Maður sér starfsfólkið mjög reglulega úti að reykja og maður finnur einnig lyktina af þeim þegar verið er að afgreiða mann. Það er heldur ósmekklegt.

Sumir kennarar eru of mikið af gamla skólanum. Þessi áfangi er eitt það fáránlegasta sem ég hef tekið þátt í! Þrjár 10 bls. ritgerðir þar sem næsta tekur strax við af hinni, "talandi um fjölbreytni..." ekkert annað nem eitt mynbandsverkefni alveg í restina á önninni. ... Síðasta sem ég hef að segja er hvað þetta blessaða mötuneyti hjá lostæti er allt of dýrt

Sumir kennarar mættu vera nærgætnari nemendum eða allavega þar sem á við, ég er tildæmis mjög viðkvæm ef ég fæ neikvæð ummæli og kennarar mætu hrósa manni meira og sýna meiri jákvæðni í sambandi við nám nemenda.

Sumir kennararnir kenna manni ekkert, og kenna svo nemendum um að ná ekki prófunum.

Takk fyrir þessi 5 frábæru ár ég á eftir að sakna VMA mikið þegar ég útskrifast Klárlega besta ákvörðun sem ég hef tekið að flytja hingað og fara í skóla

Tölvubúnaður í stofu F02 er algerlega ónothæfur.

Vil bara taka fram hversu æðislegur skóli þetta er og þakklæti því ef skólinn myndi ekki taka svona vel á móti mér og mínum sjúkdómi gæti ég líklegast ekki útskrifast sem stúdent. Ég þakka bara innilega fyrir mig :D

Vist starfsfólk í skólanum mættu vinna vinnuna sína betur, algjör óþarfi að þufa að marg ganga á eftir aðilum með eitthvað sem þeir eru að sjá um fyrir mann.

Það eru sumir kennarar sem eru ekki góðir í því að kenna, kunna efnið kannski en eru ekki færir í því að kenna efnið nægilega vel

Það megji hafa eitthvað skemmtilegt í gryfjunni í löngu frímínotum t.d. Söngsal, erum nu með söngvara sem vinnur í skólanum hann Hjalti sálfræðingur:)

Það mætti alveg þrifa strætóskílið ef að VMA sér um það það er allt út í rusli þar og svo er svo oft reykt þarna að reykingalyktin er föst þarna annarst man ég ekki eftir neinu

Það mætti bæta fjarvista kerfið. Mjög erfitt fyrir fólk sem er í mörgum próflausum áföngum þegar það verður t.d. veikt því mæting gildir mikið.

Það ættu að vera dömubindi og túrtappar inn á kvennaklósettunum.

Þetta er æðislegur skóli

Þetta möguneiti er glatað! Það er ekki hægt að fá lánuð hnífapör né vatnsglös, þú þarft að kaupa þér flösku á 150 kr eða ehv svoliðis eða keypt þér bolla á 20 krónur! Þetta ætti bara að vera sjálfsagður hlutur að fá í láni!!!

Þið eruð frábær!

30 Kyn			
Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara	
Karl	46,4%	102	
Kona	53,6%	118	
Fjöldi svara			220
Sleppt að svara			23

31 Aldur			
Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara	
Yngri en 18 ára	40,2%	88	
Eldri en 18 ára	59,8%	131	
Fjöldi svara			219
Sleppt að svara			24

32 **Búseta: Vinsamlegast merkið við þann möguleika sem á við þig.**

Svarmöguleikar	Svarprósenta	Fjöldi svara
Ég á lögheimili á Akureyri (póstnúmer 600 eða 603)	53,9%	118
Ég á lögheimili á Eyjafjarðarsvæðinu utan Akureyrar (póstnúmer 601, 610, 611, 620, 621, 625, 630, 580)	16,4%	36
Ég á lögheimili utan Eyjafjarðar	29,7%	65
Fjöldi svara		219
Sleppt að svara		24